

Opinn fundur um „frestun“ á hvalveiðum



Þessi fundur snýst um...

- Þessi fundur snýst ekki um hvort fólk sé með eða á móti hvalveiðum heldur snýst hann um þá ótrúlegu ákvörðun matvælaráðherra að afturkalla tímabundið leyfi til hvalveiða til 1. september.
- Þessi fundur snýst um hvort þessi ákvörðun standist lög.
- Þessi fundur snýst um lífsafkomu fólks og atvinnuöryggi
- Þessi fundur snýst um lífsafkomu 150 fjölskyldna sem eru sviptar möguleikum á að afla sér góðra tekna.
- Þessi fundur snýst um ákvörðun matvælaráðherra þar sem 150 starfsmenn Hvals er reknir 5 mínútum áður en vertíðin á að hefjast.
- Þessi fundur snýst um hvort við sem þjóðfélag ætlum að láta svona gerræðislega stjórnsýslu viðgangast í okkar samfélagi.



Ekki lagastoð sagði matvælaráðherra 5. júní!

- Í ræðu á Alþingi fyrir u.þ.b. tveimur vikum, hinn 5. júní sl., lét hún eftirfarandi orð falla:
- **„[R]áðherrar geta einungis framkvæmt það sem löggjafarvaldið hefur gefið þeim vald með lögum til að gera og samkvæmt ráðgjöf sem lögfræðingar matvælaráðuneytisins hafa gefið mér er ekki að finna skýra lagastoð fyrir stjórnsýsluviðurlögum, svo sem afturköllun leyfis að svo búnu.“**



Minnisblað matvælaráðuneytisins 7. júní

- Það er mjög athyglisvert að lesa minnisblað matvælaráðuneytis til Alþingis sem sent var 7. júní sl.
- Í niðurlagi í þessu minnisblaði segir orðrétt:
- *Í ljósi alls framangreinds er það mat ráðuneytisins að ekki séu til staðar fullnægjandi heimildir til að afturkalla leyfi til hvalveiða í viðurlagaskyni **án sérstakrar lagaheimildar þess efnis.***
- Því væri gott að fá á eftir skýr svör frá matvælaráðherra hvað breyttist?
- Ætlar ráðherrann að halda því fram að álit frá Fagráðinu hafi breytt einhverju?
- Nei, fjandakornið ekki, enda nægir í því samhengi að nefna að bókun frá eina löglærða aðilanum í þessu blessaða Fagráði en í hans bókun segir m.a. orðrétt:
- Það álitamál sem lagt var fyrir fagrád sneri einvörðungu að því hvort hvalveiðar samrýmist
- lögum um velferð dýra, en fulltrúi Bændasamtakanna setur þann áskilnað við málið að um
- hvalveiðar gildi sérlög og því lögfræðilegt álitamál hvort að gildissvið laga um velferð dýra hafi
- verið ætlað að ná yfir hvali.



Skýrt að ef þessi ákvörðun stendur mun það hafa mikið tjón fyrir starfsmenn Hvals hf.

- Í trausti þess að ráðherra stæði við orð sín um að ekki væri lagastoð fyrir afturköllun réð fjöldi fólks sig til starfa hjá Hval hf. Deginum áður en að umrætt starfsfólk hugðist hefja störf var leyfið hinsvegar afturkallað!!!!!!!!!!
- Það er ljóst að þessi ákvörðun mun valda starfsmönnum umtalsverðu fjárhagslegu tjóni og öðrum óþægindum.
- Skv. gögnum liggur fyrir að launatap starfsmanna mun nema uppundir 1,2 milljarði og er það fyrir utan launatengd gjöld.
- Er þetta launatap fyrir utan þau fjölmörgu afleiddu störf sem hvalavertíðin skapar.
- Sveitarfélögin munu verða af útsvarstekjum sem nema uppundir 200 milljónum.



Að lokum þetta

- Nú liggur fyrir að æði margt bendi til þess að ekki séu lagalegar forsendur fyrir þessari ákvörðun.
- Á þeirri forsendu spyr ég þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hvað þeir ætli að gera ef þessi ákvörðun fær að standa óhögguð þegar Hvalur hf. mun krefjast skaðabóta vegna þessarar ólögmætu aðgerðar. Skaðabóta sem numið geta milljörðum króna. Ábyrgð ykkar er mikil enda eru fjölmargir búnir að benda á að þessi ákvörðun standist ekki lagalegar forsendur, þar á meðal matvælaráðherrann sjálfur.
- Ætla Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn að horfa upp á að meðalhófinu og andmælarétti sé sturtað niður í holræsið?
- Verkalýðsfélag Akraness er fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni sinna félagsmanna enda er það hlutverk stéttarfélaganna að tryggja lífsafkomu þeirra sem og atvinnuöryggi og það er það sem Verkalýðsfélag Akraness er að gera með þessum fundi.
- Takk fyrir.